

Nafn hennar/..Kölluð.....Kennitala..... GSM.....
Nafn hans/..Kallaður.....Kennitala..... GSM.....
HeimaHeimasími
Póstnr.Staður Brúðkaupsdagur
Netföng
TrúfélagSöfnuður / sókn

Við viljum gefa kost á okkur sem hópþjón (Hjón sem gefa kost á sér til að koma inn á hjónahelgi með mjög stuttum fyrirvara)

Staðfestingargjald kr. 5.000.- Móttakið afDags.

Umsóknin sendist til skráningarrhjóna. Staðfestingargjald leggst beint inná reikning HH Sjá upplýsingar inn í bæklingnum

www.hjonahelgi.is

skraning@hjonahelgi.is



HJÓNAHELGI

...fyrir enn betra hjónaband

RÓMANTÍSKT FERÐALAG



- Ykkar tími
- Dýpri skilningur
- Einstök upplifun
- Fyrir allan aldur
- Betri samskipti
- Betra líf

Hverjum nýtist hjónahelgin?

Hjónahelgin er fyrir öll hjón sem elska hvort annað og vilja lifa saman samkvæmt því heiti sem þau gáfu hvort öðru á brúðkaupsdaginn.

Hjónahelgin er fyrir hjón sem vilja gera gott hjónaband betra og kærleiksríkara. Öll hjónabönd má bæta og gera samskiptin betri og innilegri.

Hjónahelgin er ekki námskeið eða meðferð sem ætlað er að reyna að leysa erfið vandamál.

Hjónabandið byggir á kærleika milli tveggja einstaklinga og einmitt í hjónabandinu getur kærleikurinn orðið hvað innilegastur. En til þess að það megi verða þurfa hjónin að rækta garðinn sinn. Reynslan sýnir að betri tjáskipti hjóna hafa jákvæð áhrif á samskipti þeirra við aðra. Opin umræða getur bætt og styrkt hjónabandið. Við breytumst og þroskumst alla ævi. Kærleikurinn tekur einnig breytingum.

Hjónahelgin færir hjónum góð verkfæri til að rækta hjónabandið og efla kærleikann. Um það vitnar reynsla flestra hjóna sem farið hafa á Hjónahelgi.

www.hjonahelgi.is

Fyrir hverja eru hjónahelgarnar?

Eina skilyrðið er að þið séuð gift. Helgarnar eru til að gera gott hjónaband enn betra. Hjón geta verið í góðu hjónabandi þó við eigum öll misgóða daga.

Um hvað snúast helgarnar?

Hjónahelgi er tveggja sólarhringa löng dagskrá á góðu hóteli, þar sem hjónum er opnuð ný leið til að tjá hvort öðru tilfinningar sínar og hugsanir og leið til betri samskipta.

Er þetta hópastarf?

Nei, þetta er fyrst og fremst ykkar tími saman, þar sem þið byggið upp dýpri skilning og betri samskipti. Áhersla er á að hver hjón fái næði fyrir sig.

Hvar eru helgarnar haldnar?

Oftast á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þið dveljið á góðu hóteli alla helgina og fáið tækifæri til að eiga einstakar stundir fyrir ykkur tvö.

Þarf maður að vera trúaður?

Ekki er skilyrði að þátttakendur séu trúaðir. Ef þú getur verið við kirkjubrúðkaup, þá er hjónahelgin í lagi fyrir þig. Helgarnar eru m.a byggðar á þeim kristlega grunni að hjón eiga að geta elskast og notist og lifað í kærleiksríku hjónabandi.

Hverjir halda hjónahelgarnar?

Hjónahelgarnar eru alþjóðlegar. Fern hjón leiða helgina ykkar, ein þeirra eru prestshjón. Þessi fern hjón segja frá reynslu sinni í fyrirlestraformi. Og hjálpa ykkur að þróa aðferð sem mun nýtast ykkur til dýpri og betri samskipta í framtíðinni.



Fyrir hvaða aldur?

Hjónahelgarnar henta hjónum á öllum aldri. En æskilegt er að einhver reynsla sé komin á sambandið.

Hvernig skráum við okkur?

Ef þið eruð á kynningu geta kynningar-hjónin tekið við skráningarblaðinu sem er hluti af þessum bæklingi, þau geta einnig tekið við skráningargjaldinu, eða að þið millifærið það á reikningsnúmerið sem hér er gefið upp.

Einnig er hægt að sleppa því að fara á kynningu en fylla einfaldlega út skráningu á **www.hjonahelgi.is**

Þriðji möguleikinn er að fylla út meðfylgjandi skráningarblað. Taka síðan mynd af skráningarblaðinu og senda það í tölvupósti á netf. **skraning@hjonahelgi.is** og millifæra skráningargjaldið á reikninginn.

Greiðsla staðfestingargjalds:

Banki: 0121 - 15 - 510001

Kennitala: 571086 - 1159

Skráningin tekur gildi þegar staðfestingargjaldið hefur verið greitt.

Ath! að senda kvittun á netfangið **skraning@hjonahelgi.is** ef greitt er í heimabanka.



Sjá nánar: www.hjonahelgi.is
Hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið:
hjonahelgi@hjonahelgi.is

Hvenær komumst við á helgi?

Helgarnar eru haldnar nokkrum sinnum á ári, yfirleitt er einhver biðlisti. Ef þið eruð tilbúin að koma á helgi með stuttum fyrirvara, getið þið sett X í reitinn við Hopp hjón! Það getur flýtt fyrir.

Hvað kostar svona helgi?

Á helginni er kostnaður gefinn upp. Hjónin eru hvött til að leggja fram fjárhæð í ómerkt umslag. Sumir gefa mikið og aðrir minna, allt eftir efnum og aðstæðum hverra hjóna. Hjónin sem taka þátt í að halda hjónahelgarnar gera það í sjálfböðavinnu, en hótelið, starfsfólk þess, matur og salarleiga heila helgi er meginuppistaðan í kostnaði hverrar helgar.

Betra líf!

Við sem höfum farið á hjónahelgi fullyrðum að þrátt fyrir að við værum í góðu hjónabandi urðu samskipti okkar betri, skilningurinn meiri og hjónabandið betra. Mjög mörg hjón tala um lífið fyrir og eftir hjónahelgi, svo mikil varð breytingin til hins betra.

Ábyrgð!

Það er gott að vita, að ef hjón eru ekki ánægð með breytinguna, þá geta þau bara fengið gamla hjónabandið aftur.

Enginn hagnast fjárhagslega á hjónahelgunum, en sjóður kærleikans ber ríkulagan ávöxt. Nú þegar hafa um 6% íslenskra hjóna farið á hjónahelgi.